



Olíuverslun Íslands

Dags: 7.9.2018

Til: Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Vestra.

B.t Sigurjón Þórðarson

Olíuverslun Íslands sækir um leyfi til að setja upp ofanjarðar tank með dísel hjá Ketilási. Hugmyndin er tilkomin vegna beiðna frá heimamönnum sem sjá sér hag í að minnka notkun á heimageymum. Einnig væri þetta viðbótarþjónusta við aðra umferð á svæðinu.

Ætlunin er að setja upp 9.900 lítra tvöfaldan stáltank á núverandi dæluplan. Tanknum yrði komið fyrir ofan á dæluveyju. Afgreiðsludæla með sjálfsala yrði staðsett á dæluveyju. Settar yrðu árekstravarnir við tank. Sjá mynd 1.

Á dæluplani eru fjögur stór niðurföll/ræsi. (80*80cm) Mun stærri en hefðbundin niðurföll og virka í raun sem litlir sorabrunnar. Sjá mynd 2 og 3. Búið er að hreinsa niðurföllin og lögn sem liggur frá þeim. Sú lögn endar við hliðina á rotþró verslunar. Lagfær þarf enda lagnar. Allt rennsli virkaði sem skyldi. Sett verður hefðbundin olíuskilja við enda lagnarinnar. Sjá mynd 4.

Umboðsmaður Olís á Siglufirði mun hafa yfirumsjón með staðnum en auk þess verður ráðinn aðili á staðnum með reglulegt eftirlit með búnaði

Með von um góðar viðtökur og endilega hafa samband ef eitthvað er óljóst í þessu.

Bestu kveðjur

Örn Franzson


Olíuverslun Íslands.

Mynd 1. Staðsetning á tanki og dælu.



Mynd 2. Frágangur á niðurfalli.

Niðurfall/Ræsi



Mynd 3. Fjögur ræsi og dælueyja



Mynd 4. Lögn og olúskilja

